

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis  
Austurstræti 8-10,  
101 Reykjavík

Reykjavík, 12. janúar 2021

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um græna atvinnubyltingu.

Vísað er til beiðni frá efnahags- og viðskiptanefnd um umsögn Grænu orkunnar – samstarfsvettvangs um orkuskipti um fram komna tillögu til þingsályktunar um græna atvinnubyltingu (þingskjal 452, 2020).

Fulltrúar atvinnulífsins í stjórn Grænu orkunnar taka undir megináherslur þingsályktunartillögunnar, sem lýtur að því að stuðla að auknum aðgerðum til þess að mæta loftslagsskuldbindingum Íslands, auka nýsköpun og skapa atvinnu á sviði grænnar tækni. Græna orkan vill jafnframt koma á framfæri eftirfarandi athugasemdum við nokkra liði tillögunnar.

#### 1. Grænn fjárfestingasjóður

Aukinn stuðningur við fjárfestingu í grænum hátækniíðnaði er verðugt og metnaðarfullt markmið. Skortur hefur verið á fjárfestingu í fyrirtækjum og verkefnum sem skila nægilegum samdrætti losunar innan tímaramma aðgerðaráætlunar í loftslagsmálum. Loftslagsvæn uppbygging, sem getur fallið utan ramma hefðbundinna mælikvarða á arðsemi í viðskiptum, getur þannig flokkast undir þau verkefni sem einkageiri er ekki viljugur til að fullfjármagna við núverandi aðstæður.

Til þess að réttlæta beina þátttöku ríkissjóðs í fjármögnun og rekstri fjárfestingasjóðs, þurfa markmið og árangursmælikvarðar, aðrir en arðsemi, hinsvegar að vera mjög skýrir. Við vekjum athygli á að þrír geirar vega þyngst þegar horft er til meginmarkmiða aðgerðaráætlunar í loftslagsmálum: landsamgöngur, skip og orkuframleiðsla. Óhjákvæmilegt er að þingið taki skýra afstöðu til þess hvar fjármagn skorti á þessu sviði og hvert hlutverk hins opinbera eigi að vera til að draga meiri fjárfestingu inn í geirann. Fjárfesting í lausnum fyrir þessa þrjá geira ætti eðli máls samkvæmt að verða megin viðfangsefni fjárfestingasjóðsins.

Aukið gegnsæi væri fengið með því að setja fram skýr markmið fyrir þátttöku fjárfestingasjóðsins í verkefnum á þessum þremur afmörkuðu sviðum. Við vísum til fyrri umsagna og tillagna Grænu orkunnar, einkum hvað varðar verkefni er lúta að landsamgöngum og orkuskipta í skipum.

Nú þegar styrkja Loftslagssjóður, Orkusjóður, Rannís og fleiri verkefni á sviði orkuskipta, loftslagsmála og tækniþróunar. Skilgreina ætti samspil sjóða þessara við tillagðan grænan fjárfestingasjóð og skýra hlutverk hvers og eins til að tryggja sem besta nýtingu fjármagns og yfirbyggingar sjóðanna allra.

## 2. Metnaðarfullri loftslagsmarkmið

Við styðjum heilshugar það markmið að taka upp metnaðarfullra markmið í loftslagsmálum. Samgöngur munu verða eitt meginviðfangsefna í því ferli sem framundan er.

Stjórn Grænu orkunnar vekur athygli á því í þessu samhengi að alþjóðlegar skuldbindingar Íslands um samdrátt í gróðurhúsalofttegundum miðast við viðmiðunarárið 1990, þótt heildarmarkmið í loftslagsáætlun stjórnvalda séu reiknuð miðað við árið 2005 af tæknilegum ástæðum. Töluverður munur er hinsvegar á því hvort miðað er við árið 2005 eða árið 1990, sérstaklega með tilliti til landsamgangna, þar sem u.þ.b. jafn mikil auking í losun varð milli áranna 1990 og 2005 og hefur orðið frá 2005. Þannig hefði 35% minnkun í losun frá samgöngum miðað við árið 2005 aðeins skilað 5% samdrætti í losun miðað við árið 1990, en markmið um 60% minnkun skilar um 42% samdrætti miðað við árið 1990. Segja má að markmið tillögunnar séu því síst of metnaðarfull, og líklegri til þess að stuðla að því að Ísland standi við alþjóðlegar skuldbindingar.

## 3. Hröðun orkuskipta

Í þingsályktunartillögunni er lagt til að nýskráningu bensín- og dísilbíla verði hætt þegar árið 2025. Banni yrðu þá að fylgja langur listi undantekninga. Véla sem ganga fyrir fljótandi eldsneyti verður áfram þörf, t.d. fyrir flutningabíla, björgunarsveitabíla, hálendisbifreiðar og bíla sem notaðir eru til að flytja marga farþega eða til lengri ferða. Þá er einnig þörf á að styðja áfram við orkuskipti ökutækjaleiga bæði hvað varðar innkaup á vistvænum bifreiðum sem og innviðum, en þær fjárfesta í um það bil 40% nýskráðra bíla ár hvert og eru háðar framboði hentugra ökutækja.

Í stað þess að banna einstakar tæknilausnir má hraða samdrætti losunar með því að beita efnahagslegum hvötum með samræmdum mælikvörðum á þá kosti sem fyrir hendi eru. Réttast er að mæla losun heildstætt þannig að bæði sé tekið tillit til framleiðslu og notkunar bíls og orkubera, þ.e. losunar frá brunni til barða (e. *well-to-wheel*) og lífsferils farartækisins frá vöggju til grafar. Ríkið hefur möguleika á að virkja skattkerfið enn betur til þess að skapa efnahagslega hvata á markaðnum sem hvetja til notkunar kosta sem skila hröðum og skilvirkum samdrætti losunar. Slík skattlagning getur veitt mótvægi við þær ívilnanir sem í boði eru fyrir vistvæna tækni og mætti breyta til að hraða innleiðingu frekar. Í boði er, auk kosta sem byggja á beinni rafhleðslu, að skipta yfir í endurnýjanlegt eldsneyti af lífrænum og ólífrænum uppruna og styðja notkun hreinorkubíla sem geta notað slíkt eldsneyti í hærra magni.

Hér á landi hefur verið framleitt lífrænt eldsneyti og rafeldsneyti, einkum vetni og metanól. Ísland getur mætt markmiðum um samdrátt á losun frá bílum, skipum og í flugi með endurnýjanlegu eldsneyti sem að hluta eða öllu leyti yrði framleitt hér á landi. Með

rafeldsneyti næst jafnframt „óbein rafvæðing“ í þeim tækjum sem erfitt er að rafvæða. Sú tegund rafvæðingar getur verið fljótlegri og skilvirkari en bein rafvæðing, þar sem m.a. sparast dýrir innviðir og ekki er bið eftir nýrri tækni sem er að aðeins að litlum hluta fyrir hendi í dag.

Græna orkan fagnar tillögu þess efnis að framlög til Orkusjóðs verði tvöfölduð enda ærið verkefni framundan, sér í lagi með tilliti til orkuskipta í stærri tækjum, svo sem fólksflutninga- og vöruflutningabifreiðum, og ekki síst skipum sem að öllu jöfnu hafa mun lengri líftíma en fólksbifreiðar. Jafnframt er brýnt að huga að uppbyggingu innviða fyrir vistvæna orkubera í höfnum samhliða stuðningi til fjárfestinga í bátum og skipum er ganga að fullu eða að hluta fyrir vistvænum orkuberum.

#### 4. Stórsókn í rannsóknum og þróun

Mikilvægt er að stórauka rannsóknir og þróun héraðs á sviði framleiðslu og nýtingar á endurnýjanlegu eldsneyti. Með því er hægt að auka tækifæri fyrir atvinnusköpun og hálaunuð tæknistörf. Áætlanagerð á þessu sviði hefur verið á fremur almennum nótum fram að þessu.

Raunhæft dæmi um nýsköpunarverkefni sem brýnt er að fjármagna er nýting vistvæns eldsneytis á skipum. Eins og Græna orkan hefur áður bent á er nýtt hafrannsóknarskip til dæmis gullið tækifæri til að nýta fyrir vistvænt eldsneyti og tengja það fræðslu, rannsóknum og þróun hér á landi. Eins gæti hið opinbera með skattaávilnunum (reglum um hraða afskrifta), eða með úthlutun kvóta liðkað fyrir fjárfestingu í breytingu á vélbúnaði skipa eða nýsmíði hreinorkuskipa. Með því að stuðla að því að markaði fyrir eldsneyti af innlendum uppruna að vinna mætti stærri hluta þessara verkefna hér á landi næðust einnig markmið þingsályktunarinnar um græna atvinnusköpun og byggja upp dýrmæta þekkingu hér á landi varðandi nýtingu þess, umgengni og málum er snúa að öryggi.

Virðingarfyllt,

f.h. stjórnarmanna og varamanna úr atvinnulífinu

Benedikt Stefánsson, stjórnarformaður Grænu orkunnar

Ágústa Loftsdóttir

Bjarni Freyr Guðmundsson

Gunnar Valur Sveinsson

María Jóna Magnúsdóttir

Sigurður Ástgeirsson